

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn: Stjórnarformaður H/f Eimskipafélags Íslands, varaformaður og forstjóri félagsins. Fjórdi stjórnarmanninn tilnefna stofnendur úr sínum hópi. Getur hann falið manni, búsettum á Íslandi, að fara með atkvæði sitt á fundum sjóðsstjórnar.

Eftir lán stofnenda skal stjórn sjóðsins skipuð þeim þrem mönnum, er fyrstir er nefndir hér að framan.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra, er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur H/f Eimskipafélags Íslands.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Eimskipafélagsins. Skal háskólaráði sent eintak af reikningunum.

7. gr.

Meðan í gildi eru ákvæði samþykkja H/f Eimskipafélags Íslands um tilnefningu og kjör af hálfu vestur-íslenzkra hluthafa í stjórn félagsins, skal atkvæðisréttur, er fylgir hlutabréfum, er sjóðurinn hefur hlotið að gjöf frá mönnum, búsettum í Vesturheimi, vera í höndum gefenda eða þeirra, er þeir hafa falið að fara með atkvæði.

Við lát gefenda fellur þessi atkvæðisréttur til stjórnar sjóðsins, er fær að öllu leyti sama atkvæðisrétt sem vestur-íslenzkir hluthafar.

Sjóðsstjórn er heimilt að selja hlutabréf sjóðsins fyrir hagkvæmt verð, en þó aldrei fyrr en gefandi er látinn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. nóvember 1964.

Grettir Eggertsson

(í umboði fyrstu stofnenda).

Nr. 248.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

Rekstrarreikningur ársins 1963.

Gjöld:

Rekstrarreikningur bankans	kr.	9722036.66
Greiddir vextir	—	22635848.98
Afskriftir:		
Fasteignir	kr.	300000.00
Áhöld og innréttingar	—	1056671.45
		1356671.45
Lagt í varasjóð	—	1042048.54
		<hr/>
	Kr.	34756605.63

Tekjur:

Forvextir	kr. 20678529.82
Vextir af bankainnstæðum og verðbréfum	— 4093735.80
Vextir af yfirdrætti hlaupareiknings	— 5535148.78
Áfallnir ógreiddir vextir	— 1812923.50
Aðrar tekjur	— 2636268.73

 Kr. 34756605.63

Eignir:

Fasteignir	kr. 5600000.00
Áhöld og innanstokksmunir	— 5700000.00
Ógreitt hlutafé	— 1241500.00
Verðbréf	— 25274547.47
Víxlar	— 234821230.69
Skuld í hlaupareikningi	— 63638974.08
Ógreiddir vextir	— 1812923.50
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	— 2660800.00
Ýmsir skuldunautar	— 2369178.46
Innstæða í Seðlabanka á bundnum reikningi	— 57445275.50
Innstæður í bönkum	— 5816565.48
Sjóður	— 4537874.95

 Kr. 410918870.13

Skuldir:

Hlutafé	kr. 12200000.00
Varasjóður	— 5206191.94
Veðskuldir vegna fasteigna	— 191326.93
Innstæður í sparisjóði	— 329062128.44
Innstæður í hlaupareikningi	— 58385393.75
Fyrirfram greiddir vextir	— 2825960.00
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	— 2660800.00
Ýmsir kröfuhafar	— 387069.07

 Kr. 410918870.13

Reykjavík, 10. janúar 1964.

Framanritaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1963 höfum við endurskoðað og vottum, að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að birgðir bankans af víxlum, svo og að verðbréf og aðrar eignir hans eru fyrir hendi.

Reykjavík, 11. marz 1964.

Jón Helgason.
Pétur Pétursson.
Sveinn Björnsson.

Framanskráða endurskoðaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1963 hefur bankaráðið samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 13. marz 1964.

Egill Guttormsson.
P. Guðmundsson.
Magnús J. Brynjólfsson.